

Rýmingaráætlun

Samkvæmt 8. grein í reglum heimavistar og skóla er *öllum íbúum heimavistar er skylt að taka þátt í brunaæfingu þegar þær fara fram, undir leiðsögn slökkviliðsstjóra.*

Unnið er eftir rýmingaráætlun sem unnin hefur verið í samstarfi við Slökkvilið Þingeyjarsveitar og Mývatnssveitar.

Framhaldsskólinn á Laugum – Rýmingaráætlun

Viðbrögð við eldsvoða.

Farið varlega í að opna hurðir, þreifið fyrst, ef hún er heit, ekki opna! Ef hún er ekki heit, farið niður á fjóra fætur og opnið varlega. Ef hurð er heit og þið opnið ekki, gangið út að glugga og gerið vart við ykkur.

Hringja strax í 112 – slökkviliðið.

Stjórntafla fyrir eldvarnarkerfi er staðsett í forstofu Gamla skóla. Viðvörðunarkerfi lætur vita hvar eldurinn er.

Varið aðra við sem gætu verið í hættu.

Slökkvið eldinn ef mögulegt er!

Ekki fara í hetjuleik, forðið ykkur út ef þið ráðið ekki við eldinn með einu slökkvitæki eða mjög fljótlega með brunaslöngu. Reykur frá eldi er yfirleitt mjög hættulegur.

Lokið hurðum til að hindra reykútbreiðslu.

Ekki opna glugga! Súrefnið nærir eldinn.

Rýming

Þegar komið er fram á gang á heimavistum skal hafa hugfast að ef reykur er á ganginum þá skriðið undir reyknum. Bæði reykur og hiti leitar upp og reykurinn getur verið eittraður!

Rýmingaráætlun Framhaldsskólans á Laugum – verklag

Rýmingaráætlun er í tveim hlutum. Rýming á skólatíma þegar starfssemi er í fullum gangi og rýming utan skólatíma þegar mögulega einn eða enginn starfsmaður er á svæðinu.

Rýming utan skólatíma.

Þegar eldvarnarkerfi fer í gang utan skólatíma skal bregðast við því með eftirfarandi hætti:

1. Fólk í húsinu fer eftir leiðbeiningum um viðbrögð við eldsvoða og kemur sér út úr húsinu hafi það tók á.
1. Fólk safnast saman á söfnunarstað (Torginu) sem tilgreindur er í flóttáætlun hvers húss.
1. Starfsmenn við vinnu eða sem búa á staðnum hraða sér á söfnunarstað.
1. Fólkið bíður á söfnunarstað þar sem starfsmenn skólans eða slökkvilið hefur aflað þeirra upplýsinga sem það þarf.
1. Slökkviliðið eða starfsmenn skólans vísar fólkinu á öruggan stað. Starfsmenn fylgja því þangað og gera talningu.
1. Skólameistara skal strax tilkynnt um talningu nemenda og annarra starfsmanna og þá hvort einhvern vanti eður ei. Skólameistari tilkynnir svo slökkviliðsstjóra niðurstöðu talningar.

Rýming á skólatíma.

Þegar eldvarnarkerfi fer í gang á skólatíma skal bregðast við því með eftirfarandi hætti:

1. Kennarar fara með þá nemendur sem þeir eru að kenna eða með í vinnustofu beint á söfnunarstað (Torgið) sem tilgreindur er í flóttáætlun hvers húss.
1. Kokkur ásamt einum starfsmanni í eldhúsi sjá um rýmingu Tröllasteins
1. Áfangastjóri og námsráðgjafi sjá um rýmingu Draugasteins
1. Ritari sér um rýmingu Álfasteins
1. Útibússtjóri sér um rýmingu efri hæðar Dvergasteins
1. Kennari á bókasafni/Almennu braut sér um rýmingu efstu hæðar Gamla skóla
1. Fjármálastjóri sér um rýmingu annarrar hæðar Gamla skóla
1. Starfsmaður í þvottahúsi sér um rýmingu gömlu laugarinnar og fönðurstofunnar í Gamla skóla.
1. Vanti einhvern af ofnagreindum til vinnu leysir skólameistari úr því
1. Fólkið bíður á söfnunarstað þar sem starfsmenn skólans eða slökkvilið hefur aflað þeirra upplýsinga sem það þarf.
1. Slökkvilið eða starfsmenn skólans vísar fólkinu á öruggan stað. Starfsmenn fylgja því þangað og gera talningu.
1. Skólameistara skal strax tilkynnt um talningu nemenda og annarra starfsmanna og þá hvort einhvern vanti eður ei. Skólameistari tilkynnir svo slökkviliðsstjóra niðurstöðu talningar.

Skólameistara skal strax tilkynnt um talningu nemenda og annarra starfsmanna og þá hvort einhvern vanti eður ei. Skólameistari tilkynnir svo slökkviliðsstjóra niðurstöðu talningar.